

Námsskrá Álfheims 2022-2025

Álfheimur er deild fyrir 1- 3 ára nemendum. Á Álfheimi er unnið samkvæmt

- Aðalnámsskrá leikskóla [Aðalnámsskrá \(adalnamskra.is\)](https://adalnamskra.is)
- Barnasáttmála UNICEF <https://www.barnasattmali.is/>
- Menntastefnu Akureyrar <https://menntastefna.akureyri.is/>
- Skólanámsskrá Iðavallar <https://idavollur.is/Skolastarfid/Skolanamskra>
- [Hæglátt leikskólastarf / Stilla þróunarverkefni](#)

Grunnþættir menntunar og námssvið leikskóla (Aðalnámsskrá leikskóla) er grunnurinn í starfi Álfheims.

Námssviðin eru

- Leikurinn
- Læsi
- Sjálfbærni
- Lýðræði og mannréttindi
- Jafnrétti
- Heilbrigði og velferð
- Sköpun

Daglegt starf á Álfheimi

Leikurinn <https://www.stjornarradid.is/library/03-Verkefni/Menntamal/Namskrar/adalnamskra-leikskola-kafli-7-breyting-2023.pdf>

Leikur barna er mikilvægur. Á Álfheimi eru börnin að læra margt í gegnum leik. Þau læra að deila, gera saman, skapa, bíða, nota nýjan efnivið og kynnast leikfélögum þar sem mörg barnanna hafa verið heima og eru að stíga sín fyrstu skref í það nám sem fer fram í leikskóla. Á Álfheimi eru börnin að læra í gegnum einstaklingsleik og leik með öðrum börnum, bæði úti og inni.

Frjáls leikur, sjálfspróttinn leikur

Einkunnarorð leikskólans eru „Þar er leikur að læra“. Leikurinn tilheyrir okkar starfi á hverjum degi því mikill lærdómur felst í sjálfspróttna leiknum. „Leikur er órjúfanlegur þáttur bernskuáranna og þungamiðja leikskólastarfsins. Leikur er meginnámsleið barna. Hann skapar börnum tækifæri til að læra og skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar og þróa félagsleg tengsl við önnur börn“ (Aðalnámsskrá grunnskóla, bls. 27). Á Álfheimi eru alls konar leikföng og efniviður sem börnin hafa aðgang að eins og kubbar, bílar, dúkkur, púsl, Dupló, dýr, boltar, búningar,

leikfangaeldhúsahöld og þroskaleikföng. Búningaleikur er góður leikur til að efla færni barna í að klæða sig.

Könnunarleikur <https://www.laupur.is/konnunarleikur/>

Könnunarleikur/heuristic play er ákveðin aðferð við leik sem byggist á rannsóknarþörf barna. Þar er notast við verðlaust efni og markmiðið er að börnin fái tækifæri til að rannsaka, skoða, snerta, hlusta og skynja. Þau læra að nota ólíka hluti á margvíslegan hátt, t.d. opna, loka, fylla og tæma, setja saman og taka sundur, raða og stafla. Þau vinna með mörg hugtök, m.a. stór, stærri, lítill, minni, inni í, ofan í og þau vinna einnig með flokkun, jafnvægi, rými, afstöðu og fleira. Efniviðurinn er m.a. tvinnakefli, litlar spýtur, klósettrúlluhólkar, krukkuþok, jógurtdósir, gardínuhringir, íspinnaspýtur, geisladiskar og ýmiskonar plastdósir.

Læsi

Lestur <https://lykillinn.akmennt.is/>

Lestur er mikilvægur fyrir orðaforða og mál barns og er læsi er einn af grunnþáttum menntunar í Aðalnámsskrá leikskóla. Á Álfheimi lesa kennarar fyrir nemendurnir á hverjum degi. Bækurnar sem við lesum eru meðal annars Tumi og Emma, Bóbó bangsi, Depill, Skemmtilegu smábarnabækurnar, Pesi og Pippa og Bína bálreiða. Börnin hafa frjálstan aðgang að bókum. Kennarar lesa bæði fyrir hópinn og fyrir einstaklinginn.

Þegar gott veður er lesum við úti á teppi, grasi eða palli og stundum tökum við bók með þegar farið er í gönguferð. Á hverju ári kemur bóksafnsbangsi í heimsókn frá Amtsbókasafnið til að lesa fyrir börnin. Um vorið fara nemendur á Amtsbókasafnið. Álfheimur tekur einnig þátt í alþjóðlegur dagur læsis á hverju hausti.

Læsi barnanna þjálfast daglega á Álfheimi í gegnum lestur, notkun á mismunandi ritföngum og bókum, lubbastafi á vegg, notkun Orðaleiksins, í verkefnum, í hópastarfi og listasmiðju, í gegnum tónlist, púslum og spilum.

Málrækt; Hljóð, tákni og stafir – Lubbi

Í vetur ætlum við á Álfheimi að æfa máhljóðin og tákni þeirra og munum notast við námsefnið Lubbi finnur málbein. <http://www.lubbi.is/>

Lubbi er fjárhundur sem ferðast um Ísland og kennir börnunum stafi, tákni og hljóð. Eitt máhljóð/tákni verður tekið fyrir yfir heila viku. Við syngjum um hvert hljóð/tákni og notum til þess m.a. bókina sem fylgir þessu námsefni og þar er ákveðið hljóðastafróf sem við förum eftir (ekki hið hefðbundna stafróf). Lubbi er æfður á öllum deildum skólans. Lubbi fer einnig með okkur í göngutúra og tekur þátt í viðburðum skólans t.d. söngur á sal og í afmælum. Við notum Lubbakassa, sem er plastkassi með dóti sem

byrjar á ákveðnum Lubbastaf, t.d. er api og appelsína í A-kassa.

Lubbi fer heim

Eftir áramót fer Lubbi í heimsókn til barnanna og gistir eina nótt hjá hverju þeirra. Við biðjum foreldra/forráðamenn að skrifa nokkrar línur á blaði sem fylgir Lubba um það sem Lubbi fær að gera með barninu. Við lesum svo saman um það sem gert var.

Myndrænt skipulag og orðaleikinn efla orðaforða barnanna

Þar sem börnin á Álfheimi eru á máltökuskeiði og mörg þeirra fjöltyngd notum við myndrænt skipulag til að hjálpa börnunum að átta sig á skipulagi dagsins og ýmsum þáttum sem snúa að starfinu, svo sem að syngja, þvo hendur, fara í röð, skipta um bleyju og þess háttar. Allir kennarar bera myndaspjöld um hálsinn eða í lyklakippu í þeim tilgangi að efla orðaforða barnanna og hjálpa börnunum að skilja þætti í daglegu skipulagi. Einnig er myndræna skipulagið uppi á vegg á deildinni í hæð barnanna. Myndirnar eru afurð þróunarverkefnisins „þar er leikur að læra“ og eru þær úr myndasafninu „Orðaleikur“. <https://ordaleikur.msha.is/>

Sjálfbærni

Ræktun

Á Álfheimi er unnið með sjálfbærni. Um vorið rækta börnin grænmeti/ávexti í heimatilbúnum blómapottum. Í garði leikskólans eru að finna alls konar ræktun sem börnin aðstoða við að sinna um vorið, t.d. með að keyra litla hjólbörur með illgresi. Um haustið er farið í garðinn til að smakka alls konar ber og grænmeti. Deildin tekur þátt í söfnun birkifræja. <https://birkiskogur.is/>

Taupokar

Öll börn fá taupoka sem gjöf frá Foreldrafélagi leikskólans sem þau fá að mála á eða stimpla handaför á og við merkjum þá með þeirra nafni. Taupokarnir eru oft fyrstu verkefni barnsins í listasmiðju leikskólans. Taupokarnir eiga að hanga í hólfum barnanna (Nema um helgar) til að hægt sé að setja í þá óhrein/blaut föt sem eiga að fara heim. Með þessu viljum við draga úr plastpokanotkun. Kennsla á notkun margnota og minnkun plasts er hluti af sjálfbærnikennslu.

Endurvinnslu

Börnin taka þátt í endurvinnslu á bæði pappir og plast og eru tvær körfur og ein matarafgangskarfa á deildinni. Börnin og kennarar fara með rusl í tunnu fyrir framan leikskólann og þegar ruslabíllinn kemur er fylgst með hvað fer fram. Í listasmiðjunni er mikið notað af endurunnu efni og slíkt efni er notað í t.d. jólagjafagerð. Nemendur aðstoða við að setja matarafanga og flus í græna matarafgangskörfu og aðstoða við að

skipta um poka. Kennara skammta litla skammta í einu í matartímum til að minnka matarsóun. Lesnar eru bækur um rusl og við horfum á Skoppu og Skrítlumynd um rusl. Endurunnið og náttúrulegt efni er notað sem leikfang bæði í könnunarleik og frjálsan leik. (Papparör og kassar, gardínuhringir, könglar, greinar og fl).

Jafnrétti , mannréttindi og lýðræði

Á Álfheimi eru öll börn jafn mikilvæg. Við erum allskonar. Nemendur, kennarar og foreldrar eru íslensk og erlend, tvítyngd og fjöltýngd. Dúkkur, duplókarlar og plaköt á veggjum og dagatöl eru með mismunandi húðlit. Deildin tekur þátt í dagur gegn einelti. Á Iðavelli er öflugt sérkennsluteymi sem vinnur með þeim börnum og fjölskyldur sem þurfa aðstoð.

Barnasáttmálin

Unnið er samkvæmt barnasáttmál UNICEF og er Iðavöllur réttindaskóla UNICEF. Á Álfheimi er veggplakat með barnasáttmálunum, í augnhæð barnanna. Börnunum hafa gaman af að skoða myndirnar og við ræðum sáttmálunum þegar börnin spyrja. Á hverju vori vinnum við verkefni sem tengist þessu.

Bína Bálreiða

Bína bálreiða er notuð til að kenna vináttu og samskiptareglur. Kennarar lesa bækur um vináttu.

Fjölmening

Á Iðavelli er fjölmennningarlegt starf því á hverju ári eru í leikskólanum börn af mörgum þjóðernum og við höfum verið að vinna með hana á fjölbreyttan hátt.

Fjölmenningarstarf er stór og mikilvægur hluti af starfi okkar. Á deildinni eru heimskort, fánar, hnöttur og myndir. Í forstofunni eru kveðjur á móðurmál barnanna og dýr frá viðkomandi löndum.

Þegar barnið á afmæli er afmæliskveðja og fáni á móðurmáli þess á hurðinni. Þegar við á Álfheimi erum með fjölmenningsdag gerum við löndum barnanna hátt undir höfði. Við litum fána, prentum út myndir frá löndunum, hlustum á lög á viðkomandi tungumálum, skoðum dýr sem eiga heima í landinu og fl. Þeir nemendur sem eru erlend fá sérstaka málörvunarkennslu.

Heilbrigði og velferð

Hreyfingu

Börnin á Álfheimi stunda alls konar hreyfingu bæði úti og inni bæði í frjálsum leik og í skipulögðu starfi. Kennarar deildarinnar eru með skipulagðar hreyfistundir, dans, yoga göngutúra og hreyfileiki. Á Iðavelli er að finna bolta, kubbar, rennibraut, trampólin, körfur, mottur, bretti og annað fjölbreytt dót til hreyfingar. Um vorið er hjóladagur og einnig hefur foreldrafélagið boðið börnunum í danskennslu.

Útivera

Við förum út 1x-2x á dag, oftast frá ca. kl. 09:30-10:15, og á milli 15-16 (árstíða- og verðurfarsbundið). Útivera er mikilvægur þáttur í uppeldisstarfi leikskólans, þar sem grófhreyfingum og sjálfsprottinn leik er gert hátt undir höfði. Útivera er holl öllum heilbrigðum börnum. Í snjóþunga og skammdegi munum við eflaust verða úti í styttri tíma, eða eftir því sem börnin þola. Í útiveru eru börnin að róla, renna, hlaupa, fara í göngutúra, moka snjó, sulla með vatni og leika í náttúrunni í alls konar veðri.

Hreinlæti og heilbrigði

Börnin á Álfheimi læra með aðstoð kennara grunnurinn íkringum hreinlæti og að til dæmis þvo sér um hendur eftir útiveru og að þvo sér um andliti og hendur eftir matartímum, að það þarf að snýta sér, fá nýja bleyju, skipta um blaut föt og klæða sig eftir veðri. Lubbi fer í bað í bala um vorið með aðstoð barnanna. Leikskólinn er með hollan mat og kennara kenna um hollt matarræði, að grænmeti er gott/ ávextir eru góðir og að það er gott að drekka vatn. Í febrúar á hverju ári tökum við þátt í tannverndarviku. Einnig vinnum við samkvæmt barnasáttmálunum þar sem við kennum börnum að öll börn eiga að eiga heimili, fatnað og mat.

Veikindareglur

Leikskólinn er ætlaður frískum börnum. Börn sem ekki eru fullfrísk ættu ekki að koma í leikskólann bæði vegna smithættu og til að reyna að draga úr vanlíðan barns. Ef barn veikist í leikskólanum, er forráðamönnum gert viðvart. Ekki eru gefin lyf í leikskólanum nema til komi vottorð frá lækni um að lyfjagjöf sé nauðsynleg þann tíma sem barnið dvelur í leikskólanum. Nauðsynlegt er að láta deildina vita í gegnum Karellen eða með símtali ef barnið er veikt.

Aðbúnaður/umhirða

Okkur ber að fylgjast með velferð barns og ef aðbúnaður er ekki í lagi, t.d. ef barnið kemur endurtekið vanbúið eða vanhirt skráum við það hjá okkur. Við ræðum svo þessa hluti við ykkur til að finna góða lausn á málinu.

Matartímar

Í matartímum fer fram ýmiskonar þjálfun og kennsla. Börnin eru hvött til að nota gaffal/skeið í staðinn fyrir hendurnar, að biðja um meira „má ég fá meira“. Þau þjálfast í að sitja þar til matartími er búinn og kennari býður þeim að fara frá borðinu. Börnunum eru hvött til að smakka nýja fæðutegundir í litlum bitum. Einnig gefst oft tilefni til að spjalla og fæðutegundir nefndar á nafn. Í kringum matartímum fer einnig fram kennsla um hreinlæti og handþvott. Börnin taka einnig að taka þátt í að fara með þvott, sækja matarvagninn, leggja á borð, ganga frá og skammta sig sjálf. Einnig læra þau að skammta sér sjálf til dæmis morgunkorn og hafragraut, drekka úr venjulegu glasi og að sitja á venjulegum stól.

Morgunmatur

Í morgunmatartímanum fá börnin hafragraut tvisvar í viku eða Cheerios þrisvar í viku að borða. Þau börn sem vilja ekki borða strax fá að setjast niður á gólf með kennara í rólegum leik eða bókalestri í smástund áður en þeim er boðið að setjast að borða. Börnin skammta sig sjálf með aðstoð. Börn sem eiga að borða morgunmat í leikskólanum þurfa að vera komin ekki seinna en kl. 8:15 í leikskólann til að getað borðað í ró og næði. Morgunmatnum lýkur 8:30. Matarvagninn þarf að vera kominn inn í eldhús kl. 8:30 og við miðum starf okkar við það að morgunmat sé lokið á þeim tíma. Börn sem þurfa sérþæði þurfa að koma með læknisvottorð.

Ávaxtastund

Á hverjum morgni um kl. 09:00 fá börnin tvær tegundir af ávöxtum, oft epli og banana. Ef veður er gott um vor, sumar og haust borðum við ávexti úti og þegar við förum í göngutúra borðum við ávextina sem nesti á skemmtilegum stað. Einn morgun rétt fyrir sumarfrí er nestisdagur. Þá koma börnin með hollt nesti í staðinn fyrir ávaxtastund og þá förum við saman í lautarferð og sitjum á teppi á lóð leikskólans.

Matar- og hvíldarstund klukkan 11-13

Börnin fá hádegismat um kl. 11:00 og eftir það fara þau inn í hvíldarherbergi að sofa/hvíla sig. Kennarar eru alltaf hjá börnunum í hvíld. Hlustað er á slökunartónlist á meðan hvíldartíminn er. Tíminn frá kl. 11-13 er matar- og hvíldarstund og biðjum við vinsamlegast um að sá tími sé virtur, að börnin komi ekki í leikskólann á þeim tíma nema um sérstakt tilefni sé að ræða, t.d. læknisheimsókn eða eitthvað slíkt.

Börnin koma með teppi og kotta að heiman til að nota í hvíldinni og einnig snuð og bangsa ef þarf, allt **vel merkt**. Ekki er boðið upp á að börnin sofi í vögnum á Iðavelli.

Sköpun

Sköpun er allskonar. Börnin skapa í gegnum kubbaleik, leir, málningu, söng, dans og teikningu. Kennarar Álfheims keppast við að gefa börnunum góð tækifæri til sköpunar.

Listasmiðju Iðavallar

Einn listakennari leikskólans er með umsjón með listasmiðju yngstu deildar Iðavallar. Kennarinn mun taka hópa í myndlist, þrautabraut og jóga í vetur og einnig vera til aðstoðar í hópastarfinu. Sköpun er stór hluta af starfi Álfheims og eru notuð alls konar efnivið og málningu til að búa til listaverk bæði inni á deild, í smiðju og úti. Kennarar deildarinnar eru líka að nota listasmiðju og önnur rými til að skapa með börnin.

Sköpun fer fram allstaðar hjá börnunum í listasmiðjum, í frjálsum leik úti og inni, í hópastarfi, í kubbaleik, í sandkassanum, snjókarlagerð og þegar þau til dæmi mála úti með vatnslitum og krítum

Álfheimu tekur þátt í Barnamenningarhátíð Akureyrar.

Söngstund á sal og opið á milli deilda

Fyrsta föstudag í mánuði er söngstund á sal fyrir allar deildir þar sem ein deild sér um að velja lög sem allir syngja saman, eftir það er opið á milli deilda þar sem börnin fá að leika á öðrum deildum leikskólans. Opið á milli deilda er góð og skemmtileg leið fyrir börnin að kynnst börnum og kennurum annara deilda og til að kynnst húsnæði skólans.

Foreldrasamskipti

Þátttökuaðlögun

Áður en barnið byrja á Álfheimi bjóðum við foreldrum í móttökusamtal. Þátttökuaðlögun tekur svo 5 daga þar sem börn og foreldra læra saman að vera á leikskóla.

Foreldrasamskipti á mörgum tungumálum

Foreldrasamskipti fara að aðallega fram á íslensku og ensku. Ef þarf notum við túlkþjónustu. Á heimasíðu Iðavallar eru ýmsar upplýsingar að finna á íslensku, ensku og pólsku, t.d. handbók skólans.

Foreldrasamtöl

Foreldrasamtöl eru tvö á ári, eitt á haustönn (október/nóvember) og annað að vori apríl/mái.

Vikupóstur

Tölvupóstur frá deildarstjóra er sendur 1x í viku þar sem fram koma ýmsar upplýsingar úr starfinu okkar, hvernig vikan var og hvað er framundan.

Karellen heimasíðu/app

Allir foreldrar fá aðgang að kerfi sem heitir Karellen en það heldur utanum upplýsingar varðandi börnin. Nauðsynlegt er að foreldrar séu skráð inn á Karellen. Við á Álfheimi skráum þar inn hvernig börnin borða og sofa og foreldrar geta séð það samstundis í appinu eða á vefnum. Einnig er Karellen notað til samskipta á milli kennara og foreldra og ef foreldrar vilja skrá börnin sín veik eða í leyfi. Foreldrar geta yfirfarið og breytt upplýsingum í Karellen, t.d. símanúmerum og heimilisföngum.

<https://idavollur.is/Upplýsingar/Karellen>

Foreldrakaffi

Á hverju ári eru nokkur skipti þar sem foreldrum og aðstandendum er boðið hátíðlega í heimsókn í leikskólann, t.d. í bónda- og konukaffi. Í júní er vorhátíð þar sem börn, foreldrar og kennara halda hátíð á leikskólalóðinni.

Dagatal

Í hverju mánuði er sent út dagatal deildarinnar.

Foreldrum er ávallt velkomið að hringja eða senda tölvupóst á deildarstjóra eða biðja um stutt spjall. Einnig er Karellen hentugt til samskipta.

Agastefna, skráningar, skimanir og ferilmöppur

Agi

Starfsfólk Iðavallar hefur mótað agastefnu og störfum við eftir henni.

<https://idavollur.is/163->

idavollur.karellen.is/uppl%C3%BDsingag%C3%B6gn%20sk%C3%B3lastj%C3%B3ra/agastefna%20i%C3%B0avallar%202023.pdf

Það sem við leggjum áherslu á er nærvera með börnunum og tengslamyndun, hjálpum þeim að koma orði á hlutina og setjum orð á allar athafnir, eflum sjálfshjálp og sjálfstæði með því að bjóða þeim að reyna sjálf. Ef barn er stjórnlaust er það tekið úr aðstæðum og það fær að jafna sig úr augsýn annarra barna, með kennara sér við hlið. Við stoppum börnin af þegar þau sýna óæskilega hegðun og leiðbeinum þeim. Við hrósum börnunum þegar þau sýna æskilega hegðun. Einnig er Bína bálreiða notað sem kennslufni um samskipti.

Skráningar, skimanir og ferilmappa

TRAS - skráning á málþroska ungra barna (2-5 ára)

TRAS er faglegt matstæki ætlað til skráningar á málþroska ungra barna. Við notumst við þetta matstæki til að skrá málþroska allra barna á Álfheimi. Það gefur okkur færi á að grípa til snemmtækrar íhlutunar ef þörf er á. Þegar TRAS skráningarblaðið hefur verið fyllt út gefur skráningin vísbendingar um hvar barn er stadd í málþroska á ákveðnum tímamarki og hvernig málþroski hefur þróast. Niðurstöður TRAS eru kynntar foreldrum viðkomandi barns í foreldrasamtölum.

MIO - skimun fyrir leikskólabörn

MIO skimar fyrir stærðfræði og rökhugsun hjá leikskólabörnum og er lagt fyrir börnin við 2.6 ára aldur, 3.6 ára og 4.6 ára. Það gefur færi á að grípa til snemmtækrar íhlutunar ef þörf skyldi vera á. Niðurstöður MIO eru kynntar foreldrum í foreldrasamtölum.

Ferilmappa

Ferilmappa er mappa sem barnið fær á Álfheimi og þessi mappa fylgir barninu á allar deildir leikskólans. Í þessa möppu söfnum við verkefnum, myndum, skráningum og fleiru sem gefur dæmi um vöxt og þroska barnsins í gegnum leikskólagönguna. Mappan er tekin með í foreldrasamtal sem liður í mati á þroska og líðan barnsins. Þegar leikskólagöngu barnsins lýkur tekur barnið innihald ferilmöppunnar með sér heim.

Ýmislegt

Afmæli

Á afmælisdegi sínum mega börnin bjóða deildinni upp á ávexti sem þau koma með að heiman. Þau fá heklaða kórónu, afmælisdiskamóttu, skreytta kertalukt með LEDkerti og við syngjum afmælissönginn og fleiri lög. Börnin fá afmælisblað með sér heim og annað eintak verður sett í ferilmöppuna. Lubbi er alltaf með í afmælunum. Haldið er upp á afmæli Íðavallar og afmæli Lubba.